

## L Ö G

48

12. febr.

um breyting á lögum nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski,  
hagnýtingu markaða o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t : Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Í stað 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skipar þriggja manna fiskimálanefnd eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna.

Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn, og skulu jafnframt skipaðir jafnmargir varamenn eftir tilnefningu sömu aðila. Nefndarmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík, eða svo nærri, að þeir geti auðveldlega sótt þar fundi.

Nefndin kys sér formann og varaformann til eins árs í senn.

Nefndin getur, með samþykki atvinnuáráðherra, ráðið sér fulltrúa til að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur.

Þóknun nefndarmanna skal ákveðin af ráðherra.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.).

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

49

12. febr.

um skattgreiðslu íslenzkra útgerðarfyrirtækja.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t : Að Vér samkvæmt 4. gr. laga, dagsettra í dag, um viðauka við og breyting á lögum um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa, nr. 93 11. júní 1938, höfum látið fella meginmál téðra laga inn í lög nr. 93 11. júní 1938 og gefum þau út svo breytt:

## 1. gr.

Á árunum 1938—1942, að báðum árum meðtöldum, er útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum tap, sem